

ALÞINGI

Alþingi og lýðræðið
Saga Alþingis
Kosningar til Alþingis
Hlutverk Alþingis
Skrifstofa Alþingis
Alþingishúsið
Stofnanir Alþingis



ALP INGI

EFNISYFIRLIT

ALÞINGI OG LÝÐRÆÐIÐ	4
Stjórn málasamtök	5
SAGA ALÞINGIS	6
Á tíma konungsvaldsins	7
Löggjafarþing	9
Kosningarréttur og fjöldi þingmanna	10
KOSNINGAR TIL ALÞINGIS	12
Kjördæmaskipan	13
HLUTVERK ALÞINGIS	14
STARFSHÆTTIR ALÞINGIS	14
Þingsetning og þingfrestun	15
Þingsalurinn	15
Forseti Alþingis	16
Þingfundir	17
Umræður	17
Atkvæðagreiðslur	18
Þingflokkar	18
Ferill lagafrumvarps	18
Fastanefndir Alþingis	20
Starfshættir nefnda	20
Kosning í nefndir	21
Alþjóðastarf Alþingis	22
SKRIFSTOFA ALÞINGIS	23
ALÞINGISHÚSIÐ	24
Vígsla hússins	24
Húsaskipan	25
Alþingisgarðurinn	25
STOFNANIR ALÞINGIS	26
Ríkisendurskoðun	26
Umboðsmaður Alþingis	26
Jónshús	26
UPPLÝSINGAR UM ALÞINGI	27
Heimsóknir í Alþingishúsið	27
Skólalþing	27

ALÞINGI OG LÝÐRÆÐIÐ



Þingpallar eru öllum opnir meðan þingfundir standa og þaðan er hægt að fylgjast með þingstörfum.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er á því byggt að uppspretta valds sé hjá fólkinu sem felur kjörnum fulltrúum meðferð þess valds. Slíkt fyrirkomulag kallast fulltrúalýðræði. Kjósendur velja fjórða hvert ár í almennum leynilegum kosningum 63 þingmenn til setu á Alþingi. Þeir fara sameiginlega með vald til að setja þegnum landsins lög auk þess sem þeir fara með fjárstjórnarvald, þ.e. vald til að ákveða útgjöld ríkisins og þá skatta sem lagðir eru á landsmenn. Mikilvægt er að fólk viti hvaða ákvarðanir eru teknar á Alþingi og hvernig þær eru teknar því að kjósendur og fulltrúar þeirra bera ábyrgð á að varðveita virkt lýðræði. Segja má að kosningarrétturinn sé undirstaða lýðræðis á Íslandi og að Alþingi sé hornsteinn þess lýðræðis.

Önnur einkenni lýðræðisskipulagsins eru m.a. þau að ríkisstjórn landsins ber ábyrgð á gerðum sínum gagnvart Alþingi og lýtur í störfum sínum eftirliti af hálfu þess. Ísland er réttarríki, dómstólarnir eru sjálfstæðir og eiga einungis að dæma eftir lögnum en eru ekki bundnir við nein fyrirmæli af hálfu framkvæmdarvaldsins. Handhöfum framkvæmdarvaldsins ber í hvívetna að fara að lögum og þeir eru bundnir af þeim.

Ákvæði stjórnarskrár um skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, félagafrelsi og fundafrelsi eru einnig skýr einkenni lýðræðisskipulagsins. Í reynd eru þessir þættir nauðsynleg forsenda lýðræðis svo að þegnum landsins sé tryggður réttur til þátttöku í málefnum þjóðfélagsins. Ákvarðanir sem teknar eru á Alþingi hafa áhrif á daglegt líf allra Íslendinga. Markmiðið með útgáfu kynningarbæklings um Alþingi er að greina frá skipulagi og störfum þingsins ásamt sögu þess. Hann ætti því að nýtast öllum þeim sem hafa áhuga á að fræðast um Alþingi.



Á fáum stöðum á Íslandi fléttast saga og náttúra jafnmikið saman og á Þingvöllum. Þar gefst einstök yfirsýn yfir jarðfræðisögu, og lifandi náttúra Þingvallasveitar á sér vart hliðstæðu. Á Þingvöllum var allsherjarriki á Íslandi komið á fót með stofnun Alþingis 930 og þar kom þingið saman allt til ársins 1798.



Eftir alþingiskosningar 2009 eiga fimm stjórnmalasamtök fulltrúa á Alþingi: Borgarabreyfingin (síðar Hreyfingin), Framsóknarflokkur, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur og Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

Stjórnmalasamtök

Stjórnmalaflokkar á Íslandi eru tengiliðir milli Alþingis og kjósenda. Stjórnmalasamtök verða til þegar hópur manna ákveður að bindast samtökum um að hafa í sameiningu áhrif á þjóðfélagið með því að fá fulltrúa kjörna á þing og taka þátt í starfi ríkisstjórnar. Í stefnuskrám flokkanna er greint frá því á hvaða mál flokkarnir leggja áherslu og þar má sjá muninn á hugmyndafræði þeirra og stefnu.

Þátttaka í starfi stjórnmalahreyfinga er ein helsta leið almennings til að hafa áhrif á gang mála. Í lýðræði felst einmitt að almenningur ber ábyrgð á þróun samfélagsins og á kost á að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri.

Fjölmiðlar hafa það hlutverk að koma upplýsingum um þjóðfélagsmál á framfæri við almenning, þar á meðal um flokkana og stjórnmalamenn.

Réttur Íslendinga til að láta í ljós skoðanir sínar, stofna félög og safnast saman til fundarhalda er skráður í stjórnarskrá. Stjórnarskráin er æðri öðrum lögum og verndar lýðræðisskipulagið.

Hvernig getur þú haft áhrif?

Með því að neyta kosningarréttar þíns.

Með þátttöku í starfi stjórnmalaflokks.

Með þátttöku í starfi stéttarfélags eða hagsmunasamtaka.

Með þátttöku í starfi áhugamannasamtaka sem fást við málaflokka sem eru þér hjartfólgir.

Með því að ræða við alþingismenn, sveitarstjórnarmenn og aðra sem gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu.

Með skrifum í fjölmiðla og með því að gefa fréttamönnum ábendingar.

SAGA ALÞINGIS

Alþingi Íslendinga er elsta og æðsta stofnun þjóðarinnar. Það var stofnað á Þingvöllum árið 930 og markar það upphaf þjóðríkis á Íslandi. Alþingi var allsherjarþing landsmanna. Þar voru samin lög og kveðnir upp dómur. Samkomudagur Alþingis var um eða upp úr miðjum júní og þinghaldið stóð um tveggja vikna skeið. Þingið sóttu goðar sem voru ráðandi í samfélaginu. Öllum frjálsum mönnum og ósekum var heimilt að koma á þingið. Þeir sem sóttu Alþingi dvöldust í búðum á Þingvöllum um þingtímann. Á þingstaðnum áttu allir að njóta griða og frelsis til að hlýða á það sem fram fór. Oft var fjölmennt á Alþingi til forna enda var þar miðstöð valda og samskipta.

Lögrétta var miðstöð þinghaldsins. Hún skar úr lagaprættum, setti ný lög og veitti undanþágur frá lögum. Í lögréttu sátu goðar og síðar einnig biskupar ásamt aðstoðarmönnum sem ekki höfðu atkvæðisrétt og réð meiri hluti úrslitum mála. Eftir skiptingu landsins í fjórðunga um 965 voru settir fjórir fjórðungsdómar á Alþingi, einn fyrir hvern fjórðung, skipaðir 36 dómendum hver og þurfti 31 samhljóða atkvæði til að

Viðhafnarmestu þjóðarhátíðirnar eru haldnar á Þingvöllum. Þar var minnst 1000 ára Íslandsbyggðar 1874, 1100 ára 1974 og 1000 ára afmælis Alþingis 1930 (til hliðar). Lýðveldi var stofnað á Þingvöllum 1944 og var hálfri aldri afmælis þess minnst 1994. Sumarið 2000 var þar minnst kristnitökunnar árið 1000.



SÖGUÁS 930-1800

900	1000	1100	1200	1300
930 Alþingi stofnað 965 Fjórðungsdómur stofnsettur	1000 Kristni lögtekin 1005 Fimmtardómur stofnsettur	1122–1133 Íslendingabók rituð	1262 Noregskonungi svarið hollusta 1271 Járnsíða lögtekin 1281 Jónsbók lögtekin	1397 Kalmar-sambandið stofnað, konungsvaldið til Danmerkur

kveða upp gildan dóm. Síðar var stofnaður fimmtardómur á Alþingi í upphafi 11. aldar sem var nokkurs konar áfrýjunardómstóll. Hann var skipaður 48 dómendum, tilnefndum af goðum í Lögréttu, og réð einfaldur meiri hluti dómi.

Lögsögumaður var æðsti maður þingsins en hlutverk hans var meðal annars að segja upp gildandi lög Íslendinga, áður en þau voru skráð. Hann sagði upp lögin um þinghaldið, þingsköpin og stjórnaði fundum Lögréttu og skar úr þrætumálum ef ekki náðist samkomulag með öðrum hætti. Talið er að lögsögumaðurinn hafi flutt mál sitt á Lögbergi og þar hafi verið kveðnir upp dómar, fluttar ræður í mikilvægum málum og þingsetning og þinglausnir farið fram. Ýmislegt er þó óljóst um þinghaldið og hlutverk lögsögumanns enda voru miklir umbrotatímar í íslensku samfélagi á fyrstu öldum byggðar, og átök um trú og völd settu svip sinn á þjóðfélagið sem og störf Alþingis. Íslendingabók, sem rituð var á tímabilinu 1122–1133, er ein helsta heimildin um stofnun Alþingis á Þingvöllum.

Á tíma konungsvaldsins

Íslenskir höfðingar samþykktu að ganga Noregskonungi á hönd árið 1262 eftir nær 20 ára ófrið innan lands. Friður komst á í samfélaginu og konungvaldið innleiddi nýtt stjórnkerfi sem kom til framkvæmda með lögtöku nýrra lögbóka, fyrst Járnsíðu árið 1271 og síðan Jónsbókar árið 1281. Þær voru samdar að tilhlutan konungs og síðan samþykktar á Alþingi.

Alþingi hélt áfram störfum á Þingvöllum í breyttri mynd. Lögrétta var nú skipuð 36 lögréttumönnum sem tilnefndir voru af sýslumönnum landsins og í stað lögsögumanns komu tveir lögmenn. Lögrétta varð aðallega dómstóll og þangað var áfrýjað dómum sýslumanna í héraði en dómum Lögréttu var hægt að skjóta til konungs. Þar sem lögmansdæmi voru tvö, norðan og austan og sunnan og vestan, var Lögrétta sem dómþingi skipt í tvær deildir undir forsæti hvors lögmans. Lögrétta gat einnig sett ný lög, sem nefnd voru dómar, en slíkir dómar voru ætíð háðir samþykki konungsvaldsins. Ný lög og ákvarðanir konungs voru yfirleitt borin undir Lögréttu áður en þau tóku gildi. Uppkvæðning dóma var meginþáttur í störfum Alþingis og eftir því sem tímar liðu hvarf frumkvæði Alþingis að nýmælum.

Frá árinu 1271 kom Alþingi saman 29. júní og stóð þingið í þrjá til fjóra daga, stundum þó lengur, allt upp í tvær vikur frá miðri 17. öld. Frá árinu 1701 skyldi Alþingi hefjast 8. júlí og standa í hálfan mánuð en gat staðið lengur. Þinghaldi á Þingvöllum við Öxará lauk 1798. Næstu tvö sumur, 1799 og 1800, kom Lögrétta, þ.e. eingöngu þeir sem sátu í dómum, saman í Hólavallarskóla í Reykjavík. Með tilskipun konungs 6. júní 1800 hætti Alþingi störfum og við störfum þess tók landsyfyrirtur. Landsyfyrirtur, sem var skipaður þremur mönnum, hafði aðsetur í Reykjavík og var æðsti dómstóll innan lands þar til Hæstiréttur Íslands var stofnaður árið 1920.

Undir lok 14. aldar leiddi stofnun Kalmarsambandsins til þess að konungvaldið yfir Noregi og þar með Íslandi færðist til Danmerkur. Miðstjórnarvald konungs jókst með siðaskiptum 1550 og einveldi var komið á í Danaveldi á 17. öld. Á Íslandi var einveldið innleitt árið 1662. Með einveldinu féllu úr gildi ýmis gömul réttindi landshluta og sömu lög og skyldur áttu að gilda fyrir alla en þrátt fyrir það nutu Íslendingar ýmissa sérrettinda innan Danaveldis.

Kröfur almennings til áhrifa á stjórn ríkisins fóru vaxandi alla 19. öldina samhliða því sem þjóðerniskennnd eflaðist. Viðbrögð danska einvaldskonungsins, eins og margra



Jón Sigurðsson (1811–1879) var leiðtogi Íslendinga á fyrsta skeiði sjálfstæðisbaráttunnar. Starf hans bar ávöxt í fyrstu stjórnarskránni 1874. Honum til heiðurs var fæðingardagur hans, 17. júní, valinn sem stofndagur lýðveldisins 1944 og síðan þjóðhátíðardagur Íslendinga.

1400	1500	1600	1700	1800
	1550 Siðaskipti	1662 Einveldi Danakonungs	1798 Þinghaldi á Þingvöllum lýkur	

annarra einvalda, var að kalla saman stéttaping eins og tíðkast hafði fyrir daga einvaldsstjórna. Kröfur komu fram um að stofnað yrði sérstakt þing fyrir Ísland og að tillögu konungsskipaðrar nefndar féllst konungur á stofnun ráðgjafarþings á Íslandi. Tilskipun konungs um endurreisn Alþingis var gefin út 8. mars 1843 og fóru fyrstu kosningar fram 1844, en þingið kom fyrst saman 1. júlí 1845. Alþingi var skipað 26 alþingismönnum, 20 þjóðkjörnum þingmönnum, einum kjörnum úr hverju kjördæmi (sýslu), en konungur skipaði auk þess sex þingmenn. Um kosningarrétt og kjörgengi giltu ákvæði um lágmarkseign að danskri fyrirmynd og munu tæp 5% landsmanna hafa notið kosningarréttar í upphafi.

Ísland öðlaðist fullveldi 1. desember 1918 með sambandslagasamningnum við Dani. Því var fagnað með látlausri athöfn við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Með fullveldi 1918 og skipan Hæstaréttar 1920 hafði dómsvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald fyrst að fullu til Íslands, að því undanskildu að Danir fóru með utanríkismál til 1940.



Alþingi kom saman til fundar í Lærða skólanum í Reykjavík (nú Menntaskólanum í Reykjavík) 1. júlí annað hvert ár og var að störfum í um það bil fjórar vikur. Þingið var einungis konungi til ráðgjafar og hafði ekki formlegt löggjafarvald. Það ræddi stjórnarfrumvörp og voru tvær umræður, undirbúningsumræða og ályktunarumræða, og einstakir þingmenn báru fram mál til umræðu. Tillögur sem samþykktar voru á þinginu nefndust bænarskrár. Á tímabilinu 1845–1874 kom Alþingi 14 sinnum saman og það var mikilvægur vettvangur þjóðmálaumræðu. Frá upphafi var Jón Sigurðsson, alþingismaður Ísfirðinga, forustumaður þingsins og lengstum forseti þess.

Í stað reglulegs þings árið 1851 var kallaður saman þjóðfundur sem hafði það að meginverkefni að fjalla um stjórnskipun Íslands og stöðu þess innan ríkisins. Þá hafði Danakonungur afsalað sér einveldi, samþykkt hafði verið stjórnarskrá fyrir Danaveldi sem tryggði borgaraleg réttindi og kosningar til þings. Danska stjórnin gerði ráð fyrir að Ísland yrði áfram hluti ríkisins og hefði svipaða stöðu og aðrir landshlutar en meiri

SÖGUÁS 1800-1900

1800	1810	1820	1830	1840
1800 Alþingi aflagt 1801 Landsyfíréttur tekur til starfa	1811 Jón Sigurðsson fæddur		1835 Stéttaping kölluð saman í Danaveldi	1845 Endurreist Alþingi kemur saman

hluti fulltrúa á þjóðfundinum vildi að löggjafar- og fjárveitingavald yrði hjá Alþingi. Fundurinn var leystur upp áður en mál komu til umræðu og staða Íslands innan danska ríkisins sem og hlutverk Alþingis var óbreytt í nær aldarfjórðung.

Löggjafarþing

Árið 1871 tóku gildi svonefnd stöðulög sem danska þingið hafði samþykkt, þrátt fyrir mótmæli meiri hluta Alþingis, um stöðu Íslands innan danska ríkisins. Í framhaldinu fékk Ísland sína eigin stjórnarskrá árið 1874 sem var nær samhljóða dönsku stjórnarskránni frá árinu 1849 í flestum greinum. Með stjórnarskránni 1874 hlaut Alþingi löggjafarvald í íslenskum sérmálum svo og skattlagningar- og fjárveitingavald en konungur hafði neitunarvald. Landshöfðingi var æðsti fulltrúi stjórnarinnar hérlendis og bar ábyrgð fyrir Íslandsráðherra í Kaupmannahöfn. Hann setti Alþingi og sat þar án atkvæðisréttar og var að öðru leyti tengiliður milli Alþingis og stjórnarinnar.

Alþingismönnum fjölgaði og Alþingi var skipt í tvær deildir, efri deild þar sem 12 þingmenn sátu og neðri deild sem í sátu 24 þingmenn. Sameiginlegir fundir þingmanna beggja deilda nefndust sameinað Alþingi. Starfshættir Alþingis breyttust töluvert enda voru öll lagafrumvörp rædd þrisvar sinnum í hvorri deild og greidd um þau atkvæði áður en þeim var vísað milli deilda en frumvörp varð að samþykkja í báðum deildum.

Þingræði komst á í Danmörku árið 1901 en það felur í sér að ríkisstjórn getur ekki setið í andstöðu við vilja meiri hluta þings. Með stjórnarskrárbreytingu sem tók gildi 1. febrúar 1904 fengu Íslendingar heimastjórn. Konungur skipaði einn íslenskan ráðherra sem naut stuðnings meiri hluta þingmanna og komst þingræði þar með á hérlendis. Fyrsti ráðherrann, Hannes Hafstein, gegndi embættinu frá árinu 1904 til ársins 1909 en vék þá fyrir vantrausti meiri hluta þingmanna. Árið 1917 var ráðherrum fjölgað í þrjá.

Alþingi sem löggjafarþing kom fyrst saman árið 1875 og síðan annað hvert ár en aukþing var haldið árið 1886 og síðan var alloft boðað til aukþings, sérstaklega eftir aldamótin 1900. Alþingi kom saman í Lærða skólanum en frá árinu 1881 í Alþingishúsinu við Austurvöll. Þingsetning var fyrsta virkan dag í júlí og skyldi þingið standa sex vikur en frá árinu 1920 kom Alþingi saman árlega og hófst þingið venjulega um miðjan febrúar og stóð fram á vor. Í byrjun 20. aldar fjölgaði þingmönnum, kosningarréttur var rýmkaður og stjórnsmálaflokkar tóku til starfa. Nokkrar breytingar urðu á starfsháttum Alþingis og frá árinu 1915 voru kosnar fastanefndir innan þingsins til að fjalla um mál en áður höfðu nefndir verið skipaðar í hverju máli fyrir sig.

Með sambandslögunum, sem tóku gildi 1. desember 1918, var Ísland viðurkennt fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Konungur varð að undirrita lög frá Alþingi til að þau tækju gildi en hafði neitunarvald samkvæmt stjórnarskránni. Konungur virti þingræðið og beitti því aldrei neitunarvaldi. Alþingi hafði löggjafarvald í öllum málum landsins en danska stjórnin fór áfram með utanríkismál. Starfshættir Alþingis breyttust hægt á næstu áratugum en sem dæmi um breytingar má nefna að frá árinu 1934 voru fjárlög afgreidd frá sameinuðu Alþingi í stað deilda.



Fyrsta konan sem tók sæti á Alþingi var Ingibjörg H. Bjarnason (1867–1941). Hún sat á þingi árin 1922–1930.

1850	1860	1870	1880	1890
1851 Þjóðfundurinn		1871 Stöðulög 1874 Stjórnarskrá 1874 Alþingi deilda- skipt	1881 Alþingishúsið tekið í notkun	

Við hernám Danmerkur árið 1940 lýsti Alþingi því yfir að það fæli ríkisstjórn Íslands að fara með vald konungs og að Ísland tæki utanríkismál að öllu leyti í sínar hendur. Alþingi kaus ári síðar, 17. júní 1941, ríkisstjóra sem fór með vald konungs. Stóð sú skipan þar til sambandslögin voru felld úr gildi og lýðveldi stofnað á fundi Alþingis á Þingvöllum 17. júní 1944 og forseti kosinn. Stofnun lýðveldis breytti ekki starfsháttum Alþingis. Frá árinu 1945 hefur Alþingi komið saman að hausti og setið fram á vor, með hléum. Árið 1991 urðu miklar breytingar á skipan Alþingis en þá voru deildir aflagðar og hefur þingið frá þeim tíma starfað í einni deild. Breytingin kallaði á talsverða endurskoðun þingskapa og síðan hefur þingsköpum verið breytt enn frekar. Umsvif Alþingis hafa aukist mikið á liðnum áratugum og starfshættir breyst í samræmi við nýja tíma en meginverkefni þingsins er sem fyrr að setja landinu lög.

Kosningarréttur og fjöldi þingmanna

Fyrstu kosningar til Alþingis fóru fram árið 1844 og þá voru kosnir 19 karlar. Kosningarrétt höfðu eingöngu karlmenn sem voru 25 ára eða eldri og áttu tiltekna lágmarkseign. Talið er að tæplega 5% landsmanna hafi haft kosningarrétt í þessum fyrstu kosningum, en einungis um 20% þeirra sem höfðu kosningarrétt mættu á kjörstað. Hver sýsla var eitt kjördæmi, kosningarnar fóru fram á mismunandi tímum og varð hver og einn kjósandi að gera grein fyrir því opinberlega hvern hann kysi. Allar sýslur landsins auk Reykjavíkur áttu sinn fulltrúa á þingi nema Vestmannaeyjar þar sem enginn uppfyllti þar skilyrði laga um kosningarrétt. Auk þess skipaði konungur sex þingmenn. Kjörtímabil þingmanna var sex ár.

Árið 1857 var kosningarréttur rýmkaður nokkuð og fengu þá flestir fullorðnir karlmenn kosningarrétt sem bjuggu á eigin heimili, borguðu skatta, áttu eignir eða höfðu lokið háskólaprófi. Nú gátu Vestmanneyingar kosið í fyrsta sinn og fjölgaði þá þingmönnum auk þess sem Skaftafellssýslu var skipt í tvö kjördæmi. Þingmenn voru þá 21 auk sex konungskjörinna.

Með stjórnarskránni 1874 var þingmönnum fjölgað í 36 en kosningarréttur var óbreyttur. Kosinn var einn þingmaður í átta sýslum en tveir þingmenn í 11, alls 30. Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar á næstu áratugum en þingmönnum fjölgaði ekki. Kosningarréttur náði einungis til um 10% landsmanna og kosningabátttaka var innan við 50%.

Á fyrstu fjórum áratugum 20. aldar voru gerðar verulegar breytingar á kosningarrétti fólks þannig að allir landsmenn, karlar og konur, sem náð höfðu tilskildum aldri höfðu kosningarrétt og samhliða þessu jókst kosningabátttaka. Árið 1903 var kosningarréttur rýmkaður enn frekar sem einkum kom íbúum í ört vaxandi þéttbýli til góða og þá fjölgaði þingmönnum um fjóra, urðu 40. Árið 1908 urðu kosningar leynilegar, kosið var á sama degi á öllu landinu og kjörstaðir voru í hverju sveitarfélagi. Verulegar breytingar voru gerðar árið 1915 sem komu til framkvæmda árið 1916. Þá fengu kosningarrétt nær allir karlmenn, 25 ára og eldri, og konur sem voru orðnar 40 ára. Einnig var þá í fyrsta sinn tiltekið að kjósandi yrði að hafa fæðst á Íslandi eða búíð þar í fimm ár. Konungskjör þingmanna var aflagt en í staðinn tekið upp landskjör þar

SÖGUÁS 1900-2000

1900	1910	1920	1930	1940
1904 Heimastjórn og þingræði 1908 Leynilegar kosningar	1915 Konur fá kosningarrétt 1918 Ísland fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku	1920 Konur og karlar hafa jafnan kosningarrétt 1920 Hæstiréttur 1922 Fyrsta konan kjörin á þing	1934 Kosningarréttur óháður efnahag, aldursmark í 21 ár, úr 25 árum	1944 Lýðveldi stofnað á Þingvöllum 17. júní



Konur fagna kosningarrétti þingsetningardaginn 7. júlí 1915 en kona náði ekki kjöri til þings fyrr en 1922. Í alþingiskosningunum 2009 náðu 27 konur kjöri og varð hlutfall þeirra þá 42,8%.

sem landið var allt eitt kjördæmi. Kosningarrétt í landskjöri höfðu karlar eldri en 35 ára og konur eldri en 40 ára og landskjörnir þingmenn áttu að sitja í 12 ár en þó skyldu þeir fara frá eftir sex ár. Landskjör var aflagt árið 1934. Árið 1920 fengu konur jafnan kosningarrétt á við karla og þá höfðu allir íslenskir ríkisborgarar rétt til að kjósa ef þeir voru 25 ára og eldri og höfðu ekki fengið fjárstuðning af almannafé. Þingmönnum var fjölgað í 42 með því að tveir bættust við í Reykjavík, voru alls fjórir, en þá bjuggu tæplega 20% þjóðarinnar í Reykjavík. Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar á kjördæmum og kosningalögum á næstu áratugum og fjölgaði þingmönnum í 52. Með stjórnarskipunarlögum árið 1934 var síðustu mismunun hvað varðar efnahag kjósenda rutt úr vegi jafnframt því sem kosningaaldur var lækkaður í 21 ár. Þá höfðu tæplega 60% þjóðarinnar kosningarrétt og kosningaþátttaka var orðin um 80%. Fyrir kosningarnar árið 1968 var kosningarréttur færður niður í 20 ár og í kosningunum árið 1987 var hann kominn niður í 18 ár. Árið 1959 var kjördæmaskipuninni gjörbreytt og landinu skipt í átta kjördæmi þar sem kosið var með hlutfallskosningu um 49 þingsæti auk 11 uppþótarþingsæta til jöfnunar milli þingflokka. Þingmenn urðu 60 en fjölgaði í 63 árið 1987 ásamt því sem fjöldi þingsæta í kjördæmum breyttist. Breytingar voru gerðar á stjórnarskrá 1999 og var þá kjördæmum fækkað í sex en fjöldi þingmanna var óbreyttur, 63. Kosið var eftir þeirri kjördæmaskipan í fyrsta sinn árið 2003.

1950	1960	1970	1980	1990	2000
1959 Landinu skipt í átta kjördæmi og einmenningskjör aflagt	1968 Kosningaaldur lækkaður í 20 ár		1984 Kosningaaldur lækkaður í 18 ár	1991 Deildaskipting Alþingis afnumin	2003 Kosið til þings í sex kjördæmum

KOSNINGAR TIL ALÞINGIS



Lögreglan sér um að flytja kjörseðla úr prentsmiðju á kjörstaði.

Í alþingiskosningum leita stjórnmalaflokkarnir umboðs þjóðarinnar til að taka ábyrgð bæði á löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi. Rík hefð er fyrir myndun meirihlutastjórna en stjórnarandstaðan á þingi veitir stjórninni aðhald. Alþingiskosningar fara að jafnaði fram fjórða hvert ár. Forseti Íslands getur þó rofið þing áður en venjulegu kjörtímabili lýkur og efnt til nýrra kosninga. Kosningarrétt við alþingiskosningar eiga allir íslenskir ríkisborgarar sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og eiga eða hafa átt lögheimili hér á landi. Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem á kosningarrétt og hefur óflekkað mannorð. Framboð til Alþingis er háð ýmsum skilyrðum, svo sem að nægilegur fjöldi manna hafi gefið skriflega yfirlýsingu um stuðning við framboðslistann. Að kosningum loknum taka 63 kjörnir þingmenn sæti á Alþingi.



Ísland skiptist í sex kjördæmi, þrjú á höfuðborgarsvæðinu og þrjú landsbyggðakjördæmi. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi tekur mið af íbúafjölda.

Kjördæmaskipan

Íslandi er skipt í sex kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi, Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi norður og Reykjavíkurborgkjördæmi suður. Mörk kjördæmanna eru ákveðin í lögum, en þó ákveður landskjörstjórn kjördæmamörk milli Reykjavíkurborgkjördæmanna.

Í hverju kjördæmi eru að lágmarki sex kjördæmissæti. Kjördæmissætunum er úthlutað til framboða á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu eftir svokallaðri d'Hondt-reglu.


Öðrum þingsætum (nú jöfnunarsætum) er ráðstafað til stjórnmalasamtaka þannig að hver samtök fái þingsmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína á öllu landinu. Þau stjórnmalasamtök koma þó ein til álitu við úthlutun jöfnunarsæta sem hljóta minnst 5% af gildum atkvæðum.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en öðru skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Þessu ákvæði var beitt strax að loknum kosningum til Alþingis 2003 og tilkynnti landskjörstjórn að eitt kjördæmissæti flyttist úr Norðvesturkjördæmi yfir til Suðvesturkjördæmis í næstu kosningum. Aftur var gerð breyting á fjölda kjördæmissæta eftir alþingiskosningarnar 2009 og eru þau nú 11 í Suðvesturkjördæmi, sjö í Norðvesturkjördæmi en níu í öðrum kjördæmum. Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. Kosið var eftir þessari kjördæmaskipan í fyrsta sinn í alþingiskosningunum 2003 en landinu var áður skipt í átta kjördæmi og hafði sú skipan verið á síðan 1959.



Í alþingiskosningunum í apríl 2009 neyttu 85,1% kosningabærra manna kosningarréttar síns.

*Þingsetning er jafnan 1. október.
Frá og með árinu 2012 verður
samkomudagur Alþingis annar
þriðjudagur í september.
Eftir hverjar alþingiskosningar
er stutt sumarþing.*



HLUTVERK ALÞINGIS

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið eftir orðum stjórnarskrárinnar, en ráðherrar fara með vald forseta.

Í þingræðinu felst að meiri hluti Alþingis ræður skipun ríkisstjórnarinnar og getur hún aðeins setið með stuðningi löggjafarþingsins. Stjórnin ræður á hinn bóginn mestu um lagasetninguna, undirbýr löggjöfina og fær heimild til að útfæra lögina nánar með reglugerðum; hún getur líka brugðist við ágreiningi við þingið með því að rjúfa það og efna til kosninga.

Meginverkefni Alþingis er lagasetning. Í þingsalnum fara fram umræður um lagafrumvörp og einnig um mörg önnur þingmál. Alþingi getur með þingsályktun lýst stefnu sinni án þess að setja lög. Á þingi eru bornar fram fyrirspurnir til ráðherra sem þeir svara munnlega eða skriflega. Óundirbúinn fyrirspurnatími er reglulega á dagskrá þingfunda. Á fyrir fram ákveðnum fundum geta þingmenn kvatt sér hljóðs um störf þingsins.

Ráðherrar gefa þinginu skýrslur um opinber málefni, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þingsins. Alláberandi liður í þingstörfunum er umræður utan dagskrár um mál sem talið er knýjandi að ræða án mikils fyrirvara.

Miklu varðar um stöðu og störf Alþingis að það fer með fjárstjórnina því að ekkert gjald má greiða úr ríkissjóði nema samkvæmt lögum og engan skatt leggja á nema Alþingi hafi samþykkt lög um það.

Þá er jafnan litið svo á að Alþingi eigi að veita framkvæmdarvaldinu aðhald, bæði ríkisstjórninni (t.d. með fyrirspurnum til ráðherra) og allri stjórnvæðslunni. Tvær stofnanir á vegum Alþingis gegna mikilvægu hlutverki á þessu sviði, Ríkisendurskoðun og embætti umboðsmanns Alþingis. Enn fremur kýs Alþingi ýmsar stjórnir og nefndir á vegum ríkisins.

STARFSHÆTTIR ALÞINGIS

Starfshættir Alþingis eru ákvarðaðir í stjórnarskrá og þingsköpum. Þingsköpin mæla fyrir um fjölmarga þætti er tengjast þinghaldinu, svo sem skipan þingsins, nefndastörf, meðferð þingmála, fundarsköp þingsins og þingflokka.

Þingsetning og þingfrestun

Alþingi kemur saman til fundar 1. október ár hvert og hefst þá nýtt löggjafarþing. Frá og með árinu 2012 verður samkomudagur Alþingis annar þriðjudagur í september. Það stendur til sama tíma að ári liðnu. Skiptist starfstími þingsins nú í þrjár annir, haustþing, frá þingsetningu fram að jólahléi, vetrarþing, að loknu jólahléi fram að dymbilvikku, vorþing, að lokinni páskavíku til júníbyrjunar. Sumarhlé þingsins er frá 1. júlí til 10. ágúst.

Frá því að Alþingi var endurreist 1845 hefur sú venja haldist að þingsetning hefjist á því að þingmenn hlýði messu í Dómkirkjunni, en síðan ganga þeir til þinghússins þar sem forseti Íslands (áður umboðsmaður konungs) setur þingið. Á fyrsta þingfundi að afloknum alþingiskosninum er forseti Alþingis kjörinn.

Þingsalurinn

Umræður á Alþingi fara fram í þingsalnum í Alþingishúsinu og þar eru lög samþykkt og málum ráðið til lykta. Við upphaf hvers þings draga þingmenn um í hvaða sæti þeir sitja á þinginu. Ráðherrar draga ekki um sæti heldur sitja í ráðherrastólum. Varamenn sitja í sætum þingmanna sem þeir gegna störfum fyrir, en varamönnum ráðherra eru ætluð sérstök sæti.

Forseti þingsins, eða einhver af varaforsetunum, stjórnar störfum í þingsalnum. Forseta til aðstoðar eru skrifstofustjóri Alþingis og aðrir starfsmenn skrifstofu Alþingis.

Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Öllum er því frjálst að sitja á þingpöllum. Fréttamenn útvarps- og sjónvarpsstöðva og dagblaða hafa aðstöðu í þinghúsinu til að fylgjast með störfum þingsins.

Alþingistíðindi

Alþingistíðindi eru birt á vef Alþingis í þeim eru birt öll þingskjöl og ræður.



Á hausti hverju draga þingmenn, aðrir en forseti og ráðherrar, um sæti og eru notaðar til þess tölusettar kúlur.

Réttindi og skyldur alþingismanna

Alþingismönnum eru tryggð mikilvæg réttindi í stjórnarskránni. Þeir eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína en ekki við fyrirmæli frá kjósendum. Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema með leyfi þingsins. Starfi þingmannsins fylgja líka ýmsar skyldur. Þingmönnum er skylt að sækja þingfundi nema nauðsyn banni. Þeir skulu og vera viðstaddir atkvæðagreiðslur og taka þátt í þeim. Enn fremur er þeim skylt að lúta valdi þingforseta á þingfundum. Oftast koma ráðherrar úr röðum þingmanna og hafa sömu réttindi og skyldur og þingmenn. Ráðherra, sem ekki er þingmaður, hefur rétt til að leggja fram mál og hefur málfrelsi á þinginu en ekki atkvæðisrétt.

Forseti Alþingis og varaforsetar eru kosnir fyrir allt kjörtímabilið. Ásta R. Jóhannesdóttir var kjörin forseti Alþingis í maí 2009.



Forseti Alþingis

Forseti Alþingis stjórnar þinghaldinu, ákveður dagskrá þingfunda og hefur frumkvæði að því að semja starfsáætlun Alþingis og áætlun um fundarhöld. Forseti hefur enn fremur umsjón með starfi þingnefnda og alþjóðanefnda og fyrirspurnir til ráðherra eru háðar leyfi hans. Forseti sker úr ágreiningi um túlkun þingskapa og umræður utan dagskrár eru bundnar samþykki hans.

Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og er æðsta vald í stjórnslu þess. Forseti kemur fram fyrir hönd Alþingis á opinberum vettvangi og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi forseta þjóðþinga. Forseti Alþingis er einn þriggja handhafa forsetavalds í fjarveru eða forföllum forseta lýðveldisins. Fyrsta verk nýs þings að afloknum kosningum til Alþingis er að kjósa sér forseta. Einnig eru kjörnir varaforsetar og hafa þingflokkarnir jafnan

Tegundir þingmála

Lagafrumvörp

Frumvörp til laga eru annaðhvort stjórnarfrumvörp, flutt af ríkisstjórninni að forgöngu þess ráðherra sem málið heyrir undir, eða þingmannafrumvörp, flutt af þingmönnum, einum eða fleiri. Fyrir kemur að frumvörp eru flutt af þingnefnd og þá stundum að beiðni ráðherra. Forsætisnefnd og þingflokkar geta einnig flutt lagafrumvörp.

Þingsályktunartillögur

Alþingi getur lýst stefnu sinni eða ákvörðunum án þess að setja lög. Er það gert með þingsályktun sem oft felur í sér áskorun á ríkisstjórnina um að sjá um framkvæmd verkefnis, undirbúa löggjöf eða rannsaka tiltekið mál.

Fyrirspurnir

Þingmaður getur lagt fram skriflega fyrirspurn til ráðherra um opinbert málefni og er henni annaðhvort svarað munnlega á fyrirspurnafundi eða ráðherra veitir skriflegt svar við henni. Óundirbúinn fyrirspurnatími er reglulega á dagskrá þingfunda en þar gefst þingmönnum tækifæri til að spyrja ráðherra spurninga án nokkurs fyrirvara.

Skýrslur

Á hverju þingi eru lagðar fram nokkrar skýrslur. Ráðherrar geta lagt fram skýrslur ótillkvaddir, en eins geta þingmenn farið fram á að ráðherra gefi þinginu skýrslu um opinbert málefni. Ráðherrar geta einnig flutt skýrslur munnlega. Loks er þingnefndum heimilt að leggja fram skýrslu um störf sín eða athugun á einhverju máli.

komið sér saman um val þeirra fyrir fram. Forseti og varaforsetar skipa forsætisnefnd sem tekur ákvarðanir um margvísleg málefni er varða Alþingi. Enn fremur á forseti samstarf við þingflokksformenn um tilhögun dagskrár þingsins og fyrirkomulag umræðna.

Þingforseti stjórnar fundum Alþingis. Hann hefur rétt til að taka þátt í umræðum líkt og aðrir þingmenn og gegnir þá einhver varaforsetanna fundarstjórninni á meðan. Forseti Alþingis hefur atkvæðisrétt í þingsalnum. Þingforsetinn stýrir störfum Alþingis. Oft þarf hann að sætta ólík sjónarmið og gæta hagsmuna margra. Þannig getur þingforseti ekki látið sjónarmið eigin flokks ráða gerðum sínum heldur verður hann að gæta þess að tekið sé á erindum allra þingmanna af sanngirni og réttsýni.

Þingfundir

Forsætisnefnd gerir, í samráði við ríkisstjórn og þingflokka, starfsáætlun í upphafi þings. Áætlanir um verkefni þingfunda hvernar viku eru gerðar á fundum forsætisnefndar og á fundum forseta með formönnum þingflokka en þingforseti ákveður endanlega dagskrá þingfunda. Starfsmenn skrifstofu Alþingis annast ýmsan undirbúning þingfunda.

Umræður


Um umræður á Alþingi gilda reglur þingskapa, hversu oft þingmaður má taka til máls og hversu lengi hann má tala við hverja umræðu. Við 1. umræðu um lagafrumvörp á að fara fram almenn umræða og að henni lokinni gengur málið til nefndar. Þegar nefndin hefur lokið umfjöllun sinni og skilað nefndaráliti fer fram 2. umræða og á þá að ræða einstakar greinar frumvarpsins. Við 3. umræðu á að ræða um frumvarpið í heild sinni. Heimilt er að veita stutt andsvar við ræðum, í allt að tvær mínútur, strax og þær hafa verið fluttar.

Sérstakar umræður eru háðar samþykki forseta og eru leyfðar ef mál er mikilvægt og aðkallandi að ræða það. Með þeim hætti geta þingmenn fengið mál rædd með skömmum fyrirvara.

Í þingsalnum tala þingmenn úr ræðustól, beina ræðu sinni til forseta þingsins og ávarpa hann t.d. „hæstvirtur forseti“, „herra forseti“ eða „frú forseti“. Í ræðu skal ekki ávarpa einstaka þingmenn eða beina máli til þeirra beint, heldur alls þingheims. Kenna skal þingmenn við kjördæmi eða ávarpa þá fullu nafni og notað er ávarpið „háttvirtur“. Ráðherrar eru ávarpaðir sem hæstvirtir ráðherrar, t.d. „hæstvirtur forsætisráðherra“.

Allar umræður í þingsalnum eru teknar upp á stafrænt form, slegnar inn í tölvur og eftir yfirllestur eru þær birtar á vef Alþingis.

Oft heyrast athugasemdir um að þunnskipað sé á bekkjum Alþingis við umræður. Ástæðurnar geta verið ýmsar. Þingmenn hvers flokks skipta nokkuð með sér verkum og sérhæfa sig í vissum málaflokkum. Útsending frá þingfundum gerir mönnum kleift að



Áheyrendur geta fylgst með umræðum á Alþingi af þingpöllum, í sjónvarpi og á netinu. Allar umræður eru hljóðritaðar og birtar á vef Alþingis.

Tímamörk umræðna

Lagafrumvörp

Frumvörp eru rædd við þrjár umræður. Við allar umræður er ræðutíminn takmarkaður en flutningsmaður, framsögumaður nefndar og ráðherrar hafa rýmri tíma en aðrir þingmenn. Við 2. umræðu um lagafrumvörp mega allir þingmenn taka eins oft til máls og þeir vilja en tali þeir oftar en tvisvar er tíminn takmarkaður við 5 mínútur hverju sinni.

Þingsályktunartillögur

Þingsályktunartillögur eru ræddar við tvær umræður. Ræðutími er takmarkaður við báðar umræður en við þá síðari mega allir þingmenn taka eins oft til máls og þeir vilja en tali þeir oftar en tvisvar er tíminn takmarkaður við 5 mínútur hverju sinni.

fylgjast með umræðum annars staðar en í þingsal. Starf þingmanns krefst þess einnig að hann verði við beiðnum um að koma til viðræðna við þá sem þess óska og á það jafnt við um einkasamtöl sem opinbera fundi. Talsverður tími þingmanna fer líka í að undirbúa mál og skrifa greinargerðir og nefndarálit.

Atkvæðagreiðslur

Á Alþingi eru atkvæði jafnan greidd rafrænt. Áður en atkvæðagreiðsla fer fram setur þingforseti í gang hljóðmerki sem heyrst um allt þinghúsið og kallar þingmenn þannig til þingsalarins. Ekki má þingið samþykka neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef mjótt er á munum við atkvæðagreiðslu og ljóst að einhverjir þingmenn geta af óviðráðanlegum ástæðum ekki verið við atkvæðagreiðsluna grípa þingflokksformenn stundum til þess ráðs að biðja þingmann úr flokki andstæðinga að víkja af fundi á meðan á atkvæðagreiðslu stendur. Þetta er gert svo að eðlilegar fjarvistir einstakra þingmanna hafi ekki áhrif á niðurstöður atkvæðagreiðslna um einstök mál. Gott samstarf er milli þingflokksformanna um þetta atriði sem á sér hliðstæður í þingum flestra nágrannaríkja Íslands.

Þingmenn greiða atkvæði með því að ýta á einn af þremur hnöppum sem eru í borðum þeirra. Með hnöppunum segja þingmenn til um hvort þeir eru með eða á móti eða greiða ekki atkvæði („sitja hjá“). Atkvæðagreiðsla getur einnig farið fram með því að þingmenn rétti upp hönd og sýni þannig afstöðu sína. Einnig geta þingmenn farið fram á það við forseta að hann láti fara fram nafnakall og innir þá forseti hvern þingmann með nafni eftir afstöðu hans til málsins. Við rafræna atkvæðagreiðslu og við nafnakall geta þingmenn komið í ræðustól og gert stuttlega grein fyrir afstöðu sinni við atkvæðagreiðsluna. Ef forseti þingsins telur líklegt að allir séu á einu máli getur hann lýst yfir að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn þingmaður mótmælir því. Tíðkast það aðallega um formsatriði en síður um efnisleg ákvæði. Niðurstöður eru skráðar og birtar í Alþingistíðindum.

Þingflokkar

Þingmenn skipa sér í þingflokka og velja sér formann sem kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart forseta þingsins, öðrum þingflokki og þingmönnum. Þrjú þingmenn þarf hið minnsta til að mynda þingflokk og enginn þingmaður má vera í fleiri en einum þingflokki. Að öðru leyti segir ekki fyrir um störf þingflokka í þingsköpum. Í þingflokki ráða pólitískir samherjar ráðum sínum. Þingflokksmenn velja menn til trúnaðarstarfa á vegum Alþingis og þá sem gegna ráðherraembættum. Starf þingflokka er nokkuð breytilegt eftir því hvort flokkurinn á aðild að ríkisstjórn eða er í stjórnarandstöðu. Í þingflokki ákveða þingmenn hvernig þeir skipa sér til setu í þingnefndum og skipta með sér málefnaflokkum. Á þingflokksfundum er fjallað um ný þingmál sem þingmenn og ráðherrar hyggjast leggja fram og stöðu mála í þingnefndum og afstaða er tekin til einstakra mála og breytingartillagna við þau. Þannig geta þingmenn fylgst með umræðum á öðrum málefnafundum en sínum eigin á þingflokksfundum. Þingflokkar koma vanalega saman til fundar tvisvar í viku á þingtímanum. Staða þingflokka er sterk innan stjórnarmálaflökkanna og þeir hafa mikil áhrif á pólitíska stefnumótun.

Ferill lagafrumvarps

Þegar vandi steðjar að í íslensku þjóðfélagi er oft sagt að nú verði Alþingi að grípa í taumana. Þetta sést á blogg síðum, í lesendabréfum og greinum dagblaðanna, heyrst í útvarps- og sjónvarpsviðtölum og yfir kaffibolla heima í eldhúskrók. Þegar til kastanna kemur eru það stjórnálamenn sem ákveða hvort rétt sé að taka á viðfangsefninu með lagasetningu. Hugmyndir um lagasetningu geta komið víða að. Hagsmunaaðilar reyna að hafa áhrif á undirbúning lagasetningar, oft í gegnum fjölmiðla. Einstaklingar geta einnig látið skoðun sína í ljós, t.d. með greinaskrifum og með því að hafa samband við



Þingmenn greiða atkvæði með því að ýta á einn af þremur hnöppum sem eru í borðum þeirra. Niðurstöðurnar, og hvernig hver og einn greiðir atkvæði, birtast á ljósatöflum í þingsalnum.

Þingfundir

Hægt er að fylgjast með þingfundum af þingpöllum, í sjónvarpi og á vefnum. Alþingi kemur að jafnaði saman til fundar fjóra daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags. Á mánudögum hefjast fundir kl. þrjú síðdegis, á þriðjudögum kl. hálfvö miðdegis, á miðvikudögum kl. þrjú síðdegis en á fimmtudögum hefjast þeir kl. hálfellefu árdegis.

Frá hugmynd til laga

Undirbúningur →	lagt fram →	1. umræða →	í nefnd →	2. umræða →	(í nefnd) →	3. umræða →	samþykkt/fellt	
Ráðherrar, þingmenn, félagasamtök, fjölmiðlar eða almennir borgarar verða varir við annmarka á gildandi lögum eða telja þörf á nýrri laga-setningu. Pólitísk umræða hefst um málið.	Ríkisstjórnin skipar nefnd til að rannsaka nauðsyn þess að setja ný lög eða breyta eldri lögum. Einn eða fleiri alþingismenn leggja fram frumvarp til laga.	Ríkisstjórnin leggur fram frumvarp til laga.	Við 1. umræðu mælir flutningsmaður fyrir málinu og framfer almenn umræða um það.	Eftir 1. umræðu gengur frumvarpið til einnar af nefndum þingsins eftir efni þess. Eftir umfjöllun sína skilar nefndin nefndaráli og breytingartillögum.	Við 2. umræðu eru rædd einstök efnisatriði. Við lok umræðunnar eru greidd atkvæði um einstakar greinar frumvarpsins, svo og um breytingartillögur ef einhverjar eru.	Ef frumvarp breytist við 2. umræðu skal nefndin fjalla um það að nýju ef þingmaður eða ráðherra óskar þess. Nefndin getur skilað framhaldsnefndaráli.	Lokaafgreiðsla lagafrumvarps fer fram við 3. umræðu. Þá er á ný rætt um frumvarpið í heild. Að því loknu eru greidd atkvæði um breytingartillögur ef einhverjar eru og um frumvarpið í heild.	Lagafrumvarp fellt. Frumvarp samþykkt og sent ríkisstjórn sem lög frá Alþingi. Lög taka ekki gildi fyrir en þau hafa verið undirrituð af forseta Íslands og ráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

stjórnámálamenn. Þingmenn hafa allir rétt til að leggja fram lagafrumvörp en stjórnarfrumvörp eru að jafnaði talsvert fleiri en þingmannafrumvörp á hverju þingi.

Stjórnarfrumvörpin eru unnin af nefndum á vegum ráðherra eða af starfsmönnum ráðuneytis. Með því að skipa nefnd til að annast frumvarpssmið tryggir ráðherra að hagsmunaaðilar og sérfræðingar ná að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í stjórnarskránni segir að ekkert lagafrumvarp megi samþykka fyrir en það hafi verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Þingsköp Alþingis áskilja þingmönnum tíma til að kynna sér frumvarp eftir að það hefur verið lagt fram og gengur það oftast til nefndar milli 1. og 2. umræðu. Með þessu fyrirkomulagi má koma í veg fyrir að hægt sé að bera frumvörp fyrirvaralítið undir atkvæði. Frumvörp skulu lögð fram innan sex mánaða frá þingsetningu, þ.e. fyrir 1. apríl, en meiri hluti þings getur samþykkt að mál, sem er of seint fram komið, verði tekið til umræðu og afgreiðslu. Enn fremur er áskilið að frumvörp sem afgreiða á fyrir jólahlé séu komin fram fyrir lok nóvembermánaðar.

Á skýringarteikningunni hér að ofan getur að líta feril lagafrumvarps. Við 1. umræðu á að ræða frumvarpið í stórum dráttum. Að henni lokinni gengur málið til nefndar sem fer yfir það í smáatriðum og kallar á fund sinn sérfræðinga og hagsmunaaðila. Þegar nefndin hefur skilað nefndaráli fer fram 2. umræða og eru þá ræddar einstakar greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær og loks eru greidd atkvæði um þær. Breytist frumvarp við 2. umræðu skal nefnd fjalla um það að nýju ef þingmaður eða ráðherra óskar þess. Við 3. umræðu er rætt um frumvarpið í heild sinni og við lok hennar ræðst í atkvæðagreiðslu hvort frumvarpið verður að lögum. Því sem næst helmingur frumvarpa, sem lögð eru fyrir Alþingi, hlýtur að jafnaði samþykki þingsins og eru langflest þeirra stjórnarfrumvörp.

Hvernig getur þú haft áhrif?

Þú getur skrifað þingmönnum um mikilvæg málefni. Netföng eru á www.althingi.is. Heimilisfang: Alþingi, 150 Reykjavík. Þú getur hringt í þingmenn og komið sjónarmiðum þínum á framfæri. Sími: 563 0500.



Þingmenn vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar þeir taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn.

Kjörbréfanefnd að störfum við upphaf 137. löggjafarþings þegar kjörbréf aðalmanna og jafnumargra varamanna voru rannsökuð.



Fastanefndir Alþingis

Á Alþingi starfa nú eftirtaldar átta fastanefndir: allsherjar- og menntamálanefnd, atvinnuveganefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, fjárlaganefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, utanríkismálanefnd og velferðarnefnd. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin skal í senn fjalla um þingmál sem falla undir málefna svið hennar og einnig hafa ríka frumkvæðisskyldu um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu þ.á.m. fjalla um skýrslu Umboðsmanns Alþingis og skýrslur Ríkisendurskoðunar. Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd.

Bæði stjórnarfrumvörp og þingmannafrumvörp ganga til nefndar eftir 1. umræðu. Máli má þó vísa til nefndar á hverju stigi þess. Þingsályktunartillögur ganga einnig til nefndar eftir fyrri umræðu.

Starfshættir nefnda

Hefðbundnir vinnufundir fastanefnda eru lokaðir öðrum en nefndarmönnum. Fastanefndir hafa þá starfsvenju að kalla eftir álitum hagsmunaaðila og sérfræðinga á þingmálum, annaðhvort skriflega eða með því að kalla gesti á fundi sína. Þegar gestir, aðrir en starfsmenn ráðuneyta sem starfa á ábyrgð ráðherra, koma á fund nefndar getur nefndin ákveðið að heimila fréttamönnum að koma á fundinn eða haldið opinn fund sem er öllum opin og er sendur út á vef Alþingis og í sjónvarpi.

Þegar nefnd hefur lokið athugun máls skilar hún skriflegu álitum um hvernig hún telur að þingið eigi að afgreiða málið og fleiri en einu álitum ef nefnd klofnar. Í nefndarálitum er lýst vinnu nefndarinnar að málinu auk þess sem þar koma fram viðhorf nefndarmanna. Einnig getur nefndin birt með álitinu ýmis fylgiskjöl, svo sem bréf frá hagsmunaaðilum eða ráðuneytum. Breytingartillögur, ef einhverjar eru, eru einnig lagðar fram skriflega. Taki nefnd frumvarp aftur til meðferðar eftir 2. umræðu getur hún skilað framhaldsnefndarálitum. Nefndarmenn geta sameinast um að leggja fram frumvarp í nafni nefndarinnar um málefni sem eru á verksviði hennar. Þingnefndir geta enn fremur að eigin frumkvæði tekið til umfjöllunar önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra og gefið þinginu skýrslu um þau.



Opinn fundur í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis með innanríkisráðherra.

Kosning í nefndir

Kosið er í fastanefndir á fyrsta þingfundi að afloknum alþingiskosningum og er skipan þeirra í stórum dráttum samkvæmt þingstyrk stjórnmálaflokkanna. Þingflokkarnir koma sér saman um hverjir skuli kosnir í nefndir þingsins og vanalega eru lagðir fyrir þingfund tveir listar, annar frá stjórnarflokkum en hinn frá stjórnarandstöðu, alls með jafnmörgum nöfnum og kjósa skal í nefndirnar. Fáí þingflokkur ekki kjörinn fulltrúa í þingnefnd getur nefndin ákveðið að leyfa áheyrnarfulltrúa frá honum að sitja fundi nefndarinnar. Þingnefndirnar kjósa sér formann og varaformann og koma þeir yfirleitt úr hópi stjórnarliða. Nefndirnar eiga fasta fundartíma á morgnana fimm daga vikunnar á þingtímanum en geta einnig fundað á öðrum tímum. Utanríkismálanefnd hefur nokkra sérstöðu þar eð hún er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál. Skal og bera undir nefndina slík mál, jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Hver fastanefnd hefur starfsmann, nefndarritara, sem undirbýr fundi, ritar fundargerðir, aðstoðar við gerð nefndarálita og breytingartillagna og aflar upplýsinga og vinnur úr þeim.

Hvernig getur þú haft áhrif?

Þú getur skrifað þingnefndum sem hafa til meðferðar þingmál er varða starfssvið þitt eða áhugamál. Netföng eru á www.althingi.is. Heimilisfang: Alþingi, 150 Reykjavík. Þú getur farið fram á að fá að koma til fundar við þingnefnd og ræða mál sem nefndin hefur til meðferðar. Sími: 563 0500.



Fundur opinn fréttamönnum í utanríkismálanefnd Alþingis með utanríkisráðherra.

Árlegur fundur Alþingis og Evrópuþingsins var haldinn í Brussel 16. nóvember 2009. Meðal umfjöllunarefna var umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.



Alþjóðastarf Alþingis

Alþingi tekur þátt í margs konar alþjóðlegu samstarfi. Umfangsmest er þátttaka alþjóðanefnda Alþingis í starfi alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi á aðild að. Eru alþjóðanefndirnar kallaðar Íslandsdeildir þessara samtaka.

Á Alþingi starfa átta Íslandsdeildir alþjóðlegra þingmannasamtaka, þær eru:

- Íslandsdeild Alþjóðaðingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union).
- Íslandsdeild þingmannanefnda EFTA og EES (EFTA Parliamentary Committee og EEA Joint Parliamentary Committee).
- Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins (Council of Europe Parliamentary Assembly).
- Íslandsdeild NATO-þingsins (NATO Parliamentary Assembly).
- Íslandsdeild Norðurlandaráðs (Nordisk Råd).
- Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins (Vestnordisk Råd).
- Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál (Conference of Parliamentarians of the Arctic Region).
- Íslandsdeild ÖSE-þingsins (ÖSE = Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, OSCE Parliamentary Assembly).

Kosið er í alþjóðanefndir þingsins á fyrsta fundi Alþingis að afloknum alþingiskosningum. Kosnir eru þrír til sjö þingmenn og jafnmargir til vara. Starfsemi alþjóðanefnda Alþingis er mismunandi og fer eftir stöðu og starfsgrundvelli þeirra alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi á aðild að. Sum alþjóðleg þingmannasamtök starfa samhliða ráðherraráði sem er vettvangur samstarfs ríkisstjórna. Þar sem svo er hafa þingmannasamtök formlega stöðu, skyldur og réttindi gagnvart ráðherraráði og beina til þess tillögum og ályktunum. Önnur þingmannasamtök eiga óformlegt samstarf við stjórnvöld eða alþjóðastofnanir. Alþjóðanefndir Alþingis sækja fundi og ráðstefnur hjá alþjóðlegum þingmannasamtökum sem fulltrúar Alþingis. Þær nýta tækifærið til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri þegar við á. Alþjóðleg þingmannasamtök vinna skýrslur og samþykkja ályktanir og tillögur sem beint er til stjórnvalda aðildarríkja og til alþjóðastofnana. Þingmannasamtök eru jafnframt vettvangur þingmanna til að skiptast á skoðunum og upplýsingum. Alþjóðanefndir Alþingis skipuleggja enn fremur fundi og ráðstefnur þingmannasamtaka hérlendis.

Alþjóðanefndir og þingmenn gera grein fyrir ferðum sínum og fundum með stuttri greinargerð og hver alþjóðanefnd leggur árlega fram á Alþingi skýrslu um störf sín þar sem gefið er yfirlit yfir starfsemi nefndarinnar á liðnu ári.


Fastanefndir þingsins taka enn fremur þátt í alþjóðastarfi. T.d. hefur utanríkismálanefnd regluleg samskipti við Evrópuþingið. Í júlí 2009 var skipaður starfshópur utanríkismálanefndar um Evrópumál. Einnig er starfandi, síðan í október 2010 sameiginleg þingmannanefnd Íslands og Evrópusambandsins.



Forsetar þjóðþinga evrópskra smáríkja með íbúafjölda undir 1 milljón funduðu á Kýpur í nóvember 2009.

SKRIFSTOFA ALÞINGIS

Skrifstofa Alþingis annast margvíslega þjónustu við þingmenn og þá sem leita þurfa upplýsinga eða með erindi sín til þingsins. Skrifstofustjóri Alþingis er yfirmaður skrifstofunnar og sér um að framfylgja ákvörðunum forseta og forsætisnefndar. Skrifstofustjóra til aðstoðar eru þrír aðstoðarskrifstofustjórar (rekstur, stjórnsýsla, þingstörf) sem ásamt honum mynda yfirstjórn skrifstofunnar. Aðstoðarskrifstofustjóri sem hefur umsjón með almennum rekstri þingsins er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra. Hann hefur umsjón með fjármálum, framkvæmdum, rekstri og starfsmannamálum.



Aðstoðarskrifstofustjóri sem annast skipulag þingstarfanna hefur umsjón með þeirri starfsemi skrifstofunnar sem snýr að hinu eiginlega þingstarfi. Í því felst m.a. skipulagning þinghaldsins og afgreiðsla þingmála. Aðstoðarskrifstofustjóri sem hefur með stjórnsýslu skrifstofunnar að gera hefur umsjón með þjónustu við forseta og alþjóðasamstarfi Alþingis ásamt upplýsinga- og útgáfumálum þingsins. Undir aðstoðarskrifstofustjóra heyra samsvarandi þrjár skrifstofur, forsetaskrifstofa, fjármálaskrifstofa og þingfundaskrifstofa, sem stýrt er af forstöðumönnum. Skrifstofa Alþingis skiptist að öðru leyti í þrjú kjarnasvið og heyra forstöðumenn þeirra beint undir skrifstofustjóra. Verkefni nefndasviðs eru aðstoð við fastanefndir og alþjóðanefndir, þingmálagerð og skjalavinnsla. Verkefni rekstrar- og þjónustusviðs eru þingvarsla, tölvuþjónusta og ýmis almenn þjónusta. Upplýsinga- og útgáfusvið sinnir útgáfustarfsemi, upplýsinga- og rannsóknþjónustu og almannatengslum.

*Alþingishúsið stendur við Austurvöll.
Það var reist á árunum 1880 til
1881 en viðbyggingin Skálinn var
tekin í notkun árið 2002.*



ALÞINGISHÚSIÐ



*Forsalur á 1. hæð Alþingishússins.
Þar er málverk af Þjóðfundinum
1851 eftir Gunnlaug Blöndal.
Fundurinn var haldinn í sal Lærða
skólans (Menntaskólans í Reykjavík)
en þar kom Alþingi saman annað
hvert ár frá 1845 til 1879.*

Alþingishúsið stendur við Austurvöll. Það var reist á árunum 1880 til 1881. Tvær viðbyggingar hafa verið reistar við húsið, Kringlan 1908 og Skálinn 2002. Alþingisgarðurinn er elsti almenningsskrúðgarður á landinu. Hann var gerður á árunum 1893–1895 og er að mestu verk Tryggva Gunnarssonar, þingmanns og bankastjóra.

Á Alþingi var samþykkt ályktun árið 1867 um að minnast þúsund ára Íslandsbyggðar með þjóðhátíð árið 1874 og með því að reisa í Reykjavík Alþingishús úr íslenskum steini. Talsverðar deilur urðu um hvar húsið skyldi rísa og komu bæði Arnarhólstún og Bakarabrekkan (milli lóðanna sem nú heita Bankastræti 7 og Laugavegur 1) til álitu sem byggingarstaðir áður en afráðið var að reisa húsið við Austurvöll.

Danski arkitektinn Ferdinand Meldahl (1827–1908), forstöðumaður Fagurlistaskólans í Kaupmannahöfn, var fenginn til að teikna þinghús Íslendinga og var Alþingishúsið reist á árunum 1880–1881 úr höggnu grágryti sem tekið var í Skólavörðuholti. Að utan hafa veggirnir verið látnir halda höggnu áferðinni en að innan eru þeir múrhúðaðir.

Framhlið Alþingishússins, þ.e. norðurhliðin, er nokkuð skreytt. Hæst ber kórónu og merki Kristjáns IX. á burst á þakinu. Undir ufsinni er ártalið 1881, málmstafir með stjörnum á milli. Yfir fjórum gluggum á annarri hæð eru landvættir Íslands í lágskurði, berggrisi, gammur, gríðungur og dreki.

Vígsla hússins

Fyrir þingsetningu 1. júlí 1881 söfnuðust alþingismenn saman í þinghúsinu en gengu síðan til Dómkirkju og hlýddu messu. Að henni lokinni gengu þingmenn til þingsalarins þar sem Hilmar Finsen landshöfðingi (1824–1886) flutti vígsluræðu. Rakti hann byggingarsöguna og ýmis vandamál sem upp komu í undirbúningi og mælti síðan: „... er samt sem áður húsið nú fullgjört til hins ákveðna tíma, og stendur það nú sem hið skrautlegasta og öruggasta hús, er nokkurn tíma hafi verið reist á Íslandi, landi og lýð til sóma, og niðjum vorum til minnis um það, að á fyrsta kosningartíma stjórnarfrelsisins hafi alþingi Íslendinga í samverknaði við stjórnina haft vilja og dug til að framkvæma eins fagurt og stórkostlegt verk“.

Frá 1881 hefur Alþingi haldið alla fundi sína í Alþingishúsinu ef frá eru taldir hátíðarfundirnir á Þingvöllum árin 1930, 1944, 1974, 1994 og 2000.

Húsaskipan

Alþingishúsið hósti í fyrstu ekki einungis starfsemi þingsins heldur einnig þrjú söfn landsins, Landsbókasafnið, Forngripasafnið og Listasafn Íslands. Viðbyggingin Kringlan var reist 1908. Hún var upphaflega risnuherbergi ráðherra, síðar kaffistofa, en þar er nú setustofa. Þegar Háskóli Íslands tók til starfa haustið 1911 fékk hann húsnæði á 1. hæð Alþingishússins, en tvö safnanna höfðu þá verið flutt úr húsinu. Háskólinn fluttist síðan í eigið húsnæði 1940. Skrifstofur ríkisstjóra og síðar forseta Íslands voru í húsinu 1941–1973. Alþingishúsið er fyrir löngu hætt að rúma alla starfsemi þingsins. Það á nú eða leigir nokkur hús í næsta nágrenni þinghússins. Á 1. hæð þinghússins er skrifstofa forseta Alþingis, flokksherbergi stjórnáflakka og fundarherbergi. Á 2. hæð er þingsalurinn, setustofa þingmanna, skrifstofa skrifstofustjóra Alþingis og þingfundaskrifstofa. Á 3. hæð eru þingpallar og vinnuherbergi blaðamanna. Í Skálanum er aðalinnangangur í Alþingishúsið og ýmis þjónusta fyrir þingmenn, starfsmenn og gesti, m.a. fundarherbergi, matsalur og eldhús. Skálinn var teiknaður á arkitektastofunni Batteríinu.



Kringlan var byggð við Alþingishúsið 1908.

Alþingisgarðurinn

Alþingisgarðurinn mun vera fyrsti opinberi skrudgarðurinn á Íslandi. Tryggva Gunnarssyni (1835–1917), alþingismaður og bankastjóri, var falið að sjá um framkvæmdir í garðinum. Garðurinn er nánast óbreyttur frá upphaflegu skipulagi. Hafist var handa um framkvæmdir við garðinn árið 1893. Tryggvi lét skipta um jarðveg í garðstæðinu og fékk plöntur víða af landinu en flutti einnig til landsins m.a. víðitegund sem dregur íslenskt nafn sitt af garðinum og er kölluð þingvíðir. Tryggvi lagði mikla alúð við ræktun garðsins og að eigin ósk hvílir hann þar og er yfir gröfni brjóstmynd af honum eftir Ríkarð Jónsson (1888–1977).



Alþingisgarðurinn og suðurhlíð þinghússins. Hafist var handa um framkvæmdir í garðinum árið 1893.

STOFNANIR ALÞINGIS

Ríkisendurskoðun

Aðalhlutverk Ríkisendurskoðunar er að annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum. Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög. Þá getur hún gert stjórnsýsluúttektir bæði á ríkisaðilum og öðrum þeim sem ríkið kaupir þjónustu af eða styrkir til starfsemi. Að lokum hefur stofnunin eftirlit með framkvæmd fjárlaga og er þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Hann nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Alþingi getur þó krafist hann skýrslna um einstök mál sem falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Umboðsmaður Alþingis

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir umkvörtun eða að eigin frumkvæði. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn óbundinni kosningu á þingfundi til fjögurra ára í senn.

Jónshús



*Jónshús við Øster-Voldgade 12
í Kaupmannahöfn.*

Jónshús við Øster-Voldgade 12 í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður og eiginkona hans Johanne Sæmundsen gáfu það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu og nú er þar félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, bókasafn og minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstöðu í húsinu auk margra annarra félagasamtaka. Þá er þar íbúð umsjónarmanns sem áður var íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns. Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann en fram að því höfðu fræðimenn haft íbúð í Jónshúsi. Nú er þar vinnuherbergi fyrir fræðimenn. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar. Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum.

Hátíð Jóns Sigurðssonar í Jónshúsi hefur verið árlegur viðburður á sumardaginn fyrsta frá árinu 2008. Markmiðið með hátíðinni er að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar og halda á loft verkum hans og hugsjónum. Stjórn húss Jóns Sigurðssonar hefur frumkvæði að hátíðinni með fulltingi forseta Alþingis og forsætisnefndar. Í tengslum við hátíðina veitir Alþingi Verðlaun Jóns Sigurðssonar. Þau eru veitt í minningu starfa hans í þágu Íslands og Íslendinga. Verðlaunin eru veitt þeim einstaklingi sem hefur unnið verk sem tengjast hugsjónum og störfum Jóns Sigurðssonar. Þessi verk geta verið á sviði fræðistarfa, viðskipta eða mennta- og menningarmála.

UPPLÝSINGAR UM ALÞINGI

Á vef Alþingis eru lög, þingmál, þingræður og aðrar opinberar upplýsingar um starfsemi þingsins aðgengilegar. Einnig er þar að finna upplýsingar um þingið, þingmenn, þjónustu skrifstofunnar, sögu þingsins, hlutverk þess og starfshætti. Þegar þing er að störfum birtast dagskrár þingfunda á forsíðu vefsins og tilkynningar um fundi þingnefnda, slóðin er www.althingi.is.

Eftir hverjar alþingiskosningar er gefin út Handbók Alþingis með upplýsingum um þingmenn og ýmsum tölulegum upplýsingum um störf Alþingis. Skýrsla um störf og rekstur þingsins er gefin út árlega.

Skjalaafgreiðsla fyrir stofnanir og almenning er í Þórshamri við Templarasund, á 1. hæð, en þar má fá ný og eldri þingskjöl. Afgreiðslan er opin almenningi kl. 10–12 og 14–16 virka daga. Fyrirspurnum almennings er svarað í síma virka daga kl. 9–12 og 13–17, sími 563 0620, netfang skjalaafgreiðsla@althingi.is.

Heimsóknir í Alþingishúsið

Upplýsingafulltrúar skipuleggja heimsóknir gesta sem skoða vilja Alþingishúsið og fræðast um störf þingsins. Öllum beiðnum um sýningar á húsinu skal beint á netfangið heimsoknir@althingi.is eða hringja í símanúmer 563 0500. Almennings er heimilt að koma í Alþingishúsið til að hlýða á umræður á þingpöllum. Alþingishúsið stendur við Kirkjustræti 14 við Austurvöll, aðalinngangur er um viðbygginguna Skálann, en þingpallainngangur er á austurhlíð hússins.



Skólaping er kennsluver Alþingis fyrir 8.–10. bekk grunnskóla þar sem leitast er við að efla skilning og þekkingu nemenda á störfum Alþingis. Á myndinni má sjá nemendur á fyrsta þingflokksfundum Skólapingar.

Skólaping

Skólaping, kennsluver Alþingis, er hugsað fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla, 8., 9. og 10. bekk. Á Skólapingi fara nemendur í hlutverkaleik og fylgja í stórum dráttum reglum um starfshætti Alþingis. Miðað er við að einn bekkur komi í Skólaping í einu og heimsóknin taki um tvær og hálf klukkustund. Á þeim tíma fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor þingmanna með því að leiða ákveðin mál sem fyrir þá eru lögð til lykta á þingflokksfundum, nefndarfundum og þingfundum. Jafnframt heyra nemendur rök álitsgjafa. Þannig er ætlunin að veita innsýn í sambandið milli atburða í samfélaginu, skoðanamyndunar, pólitískra ákvarðana og starfa Alþingis og sýna áhrif almennings, sérfræðinga, fjölmiðla og hagsmunaaðila á löggjafarstarf. Nemendur komast að niðurstöðu með því að hlusta á og meta rök og álit annarra, tjá eigin skoðun, taka afstöðu og ná málamiðlun. Nánari upplýsingar um Skólaping eru á vefnum www.skolathing.is.

© Skrifstofa Alþingis, 2010
Uppfært 2011 vegna breytinga á þingsköpum

ISBN 978-9979-888-34-5

Tekið saman af skrifstofu Alþingis

Umsjón: Arna Björk Jónsdóttir og Solveig K. Jónsdóttir

Ljósmyndir:

Ágúst Breiðdal, Þjóðminjasafn (bls. 6)

Bragi Þór Jósefsson (bls. 4, 5, 14, 15, 16, 17, 19, 20, 24, 25)

Guðmundur Ingólfsson (bls. 7, 9, 25)

Hörður Daníelsson (bls. 4)

Kort af kjördæmaskipan: Landmælingar Íslands (bls. 12)

Magnús Ólafsson, Ljósmyndasafn Reykjavíkur (bls. 8)

Magnús Ólafsson, Þjóðminjasafn (bls. 11)

Morgunblaðið/Árni Sæberg (bls. 12)

Morgunblaðið/Guðmundur Rúnar Guðmundsson (bls. 13)

Pressphotos.biz (bls. 21)

Aðrar myndir tóku starfsmenn skrifstofu Alþingis

Forsíðumynd: Bragi Þór Jósefsson

Brjóstmynd af Jóni Sigurðssyni (bls. 7) eftir Brynjulf Larsen Bergslien

Málverk af Ingibjörgu H. Bjarnason (bls. 9) eftir Gunnlaug Blöndal

Merki Alþingis á bakhlið: Þróstur Magnússon

Hönnun: Stefán Einarsson

Prentun: Prentmet

